

Reglur um rannsóknarráð lagadeildar Háskólans í Reykjavík

1. gr.

Hlutverk

Hlutverk rannsóknarráðs er að stuðla að og efla rannsóknir innan lagadeildar Háskólans í Reykjavík í innlendu og alþjóðlegu samhengi.

2. gr.

Skipun ráðs

Í rannsóknarráði sitja þrjú starfsmenn deildarinnar skipaðir af deildarfundum til eins árs í senn, þar af einn sem formaður.

3. gr.

Verkefni rannsóknarráðs

Helstu verkefni rannsóknarráðs eru:

- a) Að vinna að stefnumótun rannsókna innan deildarinnar. Stefnumótun skal unnin í samráði við starfandi kennara deildarinnar og eftir atvikum aðra starfsmenn. Stefna skal mótuð til tveggja ára í senn. Stefnan skal lögð fram og kynnt af rannsóknarráði fyrir deildarfundum einu sinni á ári en á þeim fundum skal jafnframt farið yfir árangur síðastliðins árs.
- b) Koma á og viðhalda rannsóknarsamstarfi við innlenda og erlenda aðila, í samráði við kennara á tilteknum fræðasviðum
- c) Þróa matskerfi til magngreiningar og sjálfsmats á rannsóknarstarfi innan deildarinnar.
- d) Móta stefnu varðandi rannsóknarsamstarf milli kennara og nemenda.
- e) Að fylgjast með framvindu og stöðu rannsóknarverkefna innan deildarinnar.
- f) Aðstoða við skipulagningu náms- og ráðstefna á vegum lagadeildar.

Samþykkt á deildarfundum
lagadeildar þann 10. nóvember
2003.